

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Lovísu Hrundar Svavarsdóttur.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Lovísu Hrundar Svavarsdóttur og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er á Akranesi.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að fræðslu og forvörnum gegn akstri ökutækja undir áhrifum áfengis og annarra fíkniefna. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að styrkir séu greiddir út til verkefna sem stjórn sjóðsins velur hverju sinni. Úthlutun úr Minningarsjóði Lovísu Hrundar getur farið fram tvisvar á ári, 6. apríl og 5. október ár hvert samkvæmt ákvörðun stjórnar og fer það eftir fjölda styrkbeiðna á ári hverju. Á milli úthlutana getur stjórn minningarsjóðsins ákveðið að taka þátt í samstarfsverkefnum á sviði forvarna gegn ölvunar- eða vímuefna-akstri.

#### 4. gr.

##### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru Svavar Skarphéðinn Guðmundsson, kt. 050569-3579 og Hrönn Ásgeirsdóttir, kt. 030963-5049.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.083.000 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfaramandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 7. gr.

##### *Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 27. febrúar 2014.*

**Bjarni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Lára Kristín Gísladóttir.*